

Kjarasamningur í fáum orðum

samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga



Hvernig breytast launin mín?

Þann 1. ágúst 2019 var eingreiðsla upp á 105.000 kr. og verður önnur eingreiðsla vegna tímabilsins frá 1. ágúst 2019 til áramóta 105.000 kr. til útgreiðslu 1. apríl 2020.

1. janúar 2020 » Laun hækka um 17.000 kr. + 0,2% á launatöflu.

1. apríl 2020 » Laun hækka um 24.000 kr.

1. janúar 2021 » Laun hækka um 24.000 kr.

1. janúar 2022 » Laun hækka um 25.000 kr.

Orlofs- og desemberuppbætur

1. desember 2019 desemberuppbót 115.850 kr.

1. maí 2020 orlofsuppbót 50.450 kr.

1. desember 2020 desemberuppbót 118.750 kr.

1. maí 2021 orlofsuppbót 51.700 kr.

1. desember 2021 desemberuppbót 121.700 kr.

1. maí 2022 orlofsuppbót 53.000 kr.

1. desember 2022 desemberuppbót 124.750 kr.



Styttri vinnuvika

Stytting vinnuvikunnar getur náð allt 4 stundum á viku fyrir dagvinnufólk í 100% starfshlutfalli. Vinnutími starfsmanna í hlutastarfi styttest hlutfallslega. Þeir sem vinna þrískiptar vaktir geta stytt sinn vinnutíma um allt að 8 stundir.

Nánari umfjöllun um vinnutímastyttingu er að finna á heimasíðu Kjalar, kjolur.is

Breyting yfirvinnu

Yfirvinna er greidd með tímakaupi fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku og skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1 kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.


Yfirvinna 2 kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Félagsmannasjóður til jöfnunar

Stofnaður er sérstakur Félagsmannasjóður með það markmið að stíga skref til jöfnunar við aðra starfsmenn sveitarfélaga. Vinnuveitandi greiðir mánaðarlegt framlag í sjóðinn sem nemur 1,24% af heildarlaunum félagsmanna og verður úthlutað úr sjóðnum 1. febrúar ár hvert. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum verður 1. febrúar 2021 um 80.000 kr.


Lengra sumarfrí

Orlofsdagar þeirra sem eru í fullu starfi verða 30 og hlutfallslega hjá þeim sem vinna hlutastarf. Ákvæðið tekur gildi 1. maí 2020 og því geta allir notið lengra sumarleyfis sumarið 2021.



Laun í ferðum með skjólstæðinga

Eitt af mörgum sérmálum sem kjarasamningurinn nær til eru laun starfsmanna sem þurfa að fylgja skjólstæðingum á ferðalögum og annast hann. Með nýjum samningi náðist í gegn að greitt skal fyrir allan sólarhringinn meðan á ferð stendur.



Réttindi til mæðraskoðunar

Barnshafandi konur fá samkvæmt samningnum rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar án frádráttar á föstum launum, þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.



Starf eftir sjötugt heimilt

Heimilt er vinnuveitanda að framlengja ráðningu eða endurráða starfsmann, sem hefur náð 70 ára aldri og látið hefur af föstu starfi, óski starfsmaður þess.




Virðing einkalífs

Í samkomulaginu er kveðið á um mikilvægi þess að stofnanir setji sér viðverustefnu þar sem m.a. er skerpt á skilum milli vinnu og einkalífs.



Launað námsleyfi

Nýtt ákvæði að félagsmenn sem starfað hafa samfellt í 3 ár geta fengið launað leyfi samtals í þrjú mánuði til að stunda viðurkennt starfsnám.



Kynningarefni á kjolur.is

Kynningarefni vegna samkomulags Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu við Samband íslenskra sveitarfélaga má lesa á heimasíðu Kjalar, kjolur.is.

Rafræn atkvæðagreiðsla til 23. mars

Vegna faraldurs Covid-19 veirunnar er kynning kjarasamningsins fyrst og fremst með rafrænum hætti en rafræn atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn stendur til kl. 10, mánudaginn 23. mars næstkomandi. Tengill á atkvæðagreiðslusíðuna er á heimasíðu Kjalar, kjolur.is.

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að nýta atkvæðisrétt sinn.

